



### **Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats á Kársnesskóla**

Starfsmenn Menntamálastofnunar gerðu úttekt á starfssemi Kársnesskóla á vormisseri 2016. Meginmarkmið úttektarinnar var að leggja mat á starfssemi skólans út frá gildandi lögum og reglugerðum um grunnskóla og aðalnámskrá. Í skýrslunni var bent á ótal marga jákvæða þætti um styrkleika starfsseminnar sem og tillögur til úrbóta. Í umbótaáætluninni sem hér er sett fram var ákveðið að taka fyrir alla þá þætti sem bent var á í skýrslunni sem tækifæri til umbóta.

Niðurstöður matsins voru mjög jákvæðar fyrir skólann en ljóst er að úrbóta er þörf sérstaklega varðandi áætlun og vinnu við innra mat í Kársnesskóla.

Haustið 2016 urðu skólastjóranskipti við Kársnesskóla og strax í ágúst var sett saman fjögurra manna teymi um innra mat skólans sem hefur nú þegar hafið að vinna eftir þeim ábendingum sem koma fram í skýrslunni. Í því teymi eiga sæti fulltrúar kennara á yngsta- og miðstigi, þær Hjördís Bára Gestsdóttir og Björg Eiríksdóttir. Fulltrúi annarra starfsmanna er Vala Nönn Gautsdóttir bókasafnsfræðingur og tölvuumsjónarmaður ásamt Björgu Baldursdóttur skólastjóra. Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri hefur einnig komið að vinnu við umbótaáætlunina ásamt fjölmörgum öðrum. Skólanefnd Kópavogsbæjar hefur fengið góða kynningu á niðurstöðum ytra matsins sem og starfsmenn skólans. Hér er sett fram tímasett áætlun til umbóta þeirra þátta sem betur mega fara. Áætlunin sýnir þá þætti sem skólastjórnendur Kársnesskóla og innra mats teymið töldu að setja ætti í forgang á núverandi skólaári 2016 – 2017. Aðrir þættir sem bent var á til úrbóta í skýrslunni verða settir fram í umbótaáætlun skólans á næstu tveimur skólaárum eða svo.

Kársnesskóli þakkar gott samstarf við þá sem stóðu að og framkvæmdu úttektina sem er afar gagnleg fyrir allt skólastarf í skólanum og þróun.

Björg Baldursdóttir, skólastjóri Kársnesskóla



Svið I - Stjórnun	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Staða á framkvæmd	Staða á framkvæmd	Staðan
<b>Fagleg forysta:</b> <b>Stjórnandinn sem leiðtogi:</b>				<b>júní 2017</b>	<b>júní 2018</b>	<b>Júní 2019</b>
Innleiða með formlegum hætti endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsóknna stjórnenda í kennslustundir.	Skólastjórnendur munu fara reglulega í heimsóknir í kennslustundir og auka þar með tækifæri til beinnar endurgjafar til kennara í lok kennslustundar. Notast verður við vel rýnda og faglega gátlista sem henta til endurgjafarinnar.	Skólastjórnendur.	Hófst í byrjun árs 2017	<u>Hafin vinna</u> stjórnenda við mat og endurgjöf til kennara – áframhaldandi vinna sem sett verður inn í árlegt skipulag stjórnunar skólans. Kennarar fá í kjölfar matsins endurgjöf munnlega og skriflega.	Verður áfram haldið á skólaárinu 2018 – 2019. Stjórnendur hafa skipt með sér verkum og notast verður við gilda kvarða sem hannaðir hafa verið til svona mats og vinnu s.s., „Bravolesson“.	Lokið
<b>Stjórnun stofnunar:</b>				<b>LOKIÐ</b> - Var farið yfir með kennurum á skipulagsdegi 21. mars 2017.		<b>Lokið</b>
Vinna reglur um færslur í Mentor og upplýsingagjöf um nemendur í samræmi við reglugerð nr. 897/2009 og birta opinberlega.	Farið verður ítarlega yfir innihald reglugerðarinnar á fundi með kennurum. Verklagsreglur skólans um Mentorfærslur og upplýsingagjöf um nemendur settar og birtar á heimasíðu skólans með vísan í reglugerðina sjálfa.	Skólastjóri og innra mats teymi.	Mars 2017	Verður birt á heimasíðu skólans í ágúst 2017		
Vinna verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015 og birta opinberlega.	Nú þegar er starfandi nefnd sem skoðar eineltis- og forvarnarstefnu skólans. Þessi úrbótaþáttur verður hluti af þeirra vinnu í vetur og næsta vetur.	Skólastjórnendur ásamt kennarahópnum.	Unnið á næsta skólaári og lokið í desember 2017.	Skólaár 2017 - 2018	Vinnu lýkur í september 2018	Lokið þessar verklagsreglur eru birtar á heimasíðu bæjarins.



Birta móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn opinberlega.	Móttökuáætlun verður endurskoðuð og birt á heimasíðu skólans.	Skólastjóri og stjórnendateymi.	2017-2018	Verið er að <u>endurskoða og endurvinnna</u> áætlunina. Áætlað að ljúka þeirri vinnu í september 2017	<b>Vinnu lokið</b> og búið er að vinna áætlunina, verið er að skipta um heimasíðu og verður áætlunin birt þar.	<b>Lokið</b>
Vinna starfslýsingar í samvinnu við gildandi skipurit.	Nú þegar er búið að vinna starfslýsingar skólastjórnenda og stuðningsfulltrúa. Aðrar starfslýsingar eru í vinnslu.	Skólastjóri og skólaskrifstofa.	2016 - 2017	<u>Hafin er vinna</u> á menntasviði varðandi starfslýsingar starfsmanna.	Starfslýsingar eru í stöðugri endurskoðun – starfslýsingar fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn í skólanum utan kennara liggja fyrir.	<b>Lokið</b> og er í stöðugri endurskoðun.
Tryggja að starfsmenn verktaka sem vinna að jafnaði í skólanum undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu.	Nýir starfshættir verða teknir upp og þeir verktakar sem starfa reglulega í skólanum skrifa undir eyðublað um trúnað og þagnarskyldu.	Skólastjóri og húsvörður.	Lok skólaárs 2016.	Þessu er nú þegar fylgt eins og best verður við komið hverju sinni.	Gert í samvinnu við menntasvið og starfsmenn bæjarins.	<b>Lokið</b> og er gert í tengslum við persónuvernarlög.
<b>Faglegt samstarf:</b> Leggja áherslu á að kynna breytingar á faglegu starfi vel fyrir foreldrum.	Skólaráðsfundum verður fjölgað í 5 – 6 yfir skólaárið ásamt því að samstarf við foreldrafélag verður aukið.	Skólastjóri	Er hafið og verður haldið áfram markvisst.	Haldnir hafa verið upplýsingafundir með foreldrum vegna breytinga á faglegu starfi og vegna breytinga í skólanum hafa verið boðaðir auka skólaráðsfundir á árinu.		Er hluti af daglegu starfi skólans.
<b>Skólaþróun:</b> Tengja þróunar- og/eða umbóta-áætlun stefnu skólans sem og innra mati á skólastarfinu.	Þessum þætti verður gerð góð skil í skýrslu um innra mat sem gefin verður út.	Skólastjóri og innramats teymi.	Lok skólaárs 2016 – 2017.	<b>Hafin vinna</b> og umbótaáætlun er tengd innra mati ásamt stefnu skólans		<b>Lokið.</b> Skýrsla um innra mat er birt á heimasíðu skólans.



Huga að samræmi milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar.	Unnið verður að því að umbótaáætlun skólans taki mið af þörfum og óskum starfsmanna varðandi sí- og endurmenntun. Yfirlit um sí- /endurmenntun starfsmanna tekið saman og birt.	Skólastjórnendur og innramats teymi.	Lok skólaárs 2016 – 2017.	<b>Lokið</b> að hluta. Yfirlit yfir sí- og endurmenntun hefur ekki verið birt en upplýsingarnar liggja fyrir og tengjast umbótaáætlun.	Liggur fyrir í starfsáætlun fyrir næsta ár sem birt verður í september 2018	<b>Lokið</b> , kemur fram í starfsáætlun og skýrslu um innra mat.
Gera grein fyrir hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.	Stjórnendur taka saman upplýsingar um endurmenntun starfsmanna.	Kennarar og stjórnendur	Lok skólaárs 2017 - 2018	<b>Ólokið</b>	Liggur fyrir í starfsáætlun fyrir næsta ár sem birt verður í september 2018	<b>Lokið</b> – endurmenntun er tengd umbótaáætlun skólans
<b>Stefnumótun og skipulag:</b>						
<b>Starfsáætlun og skólanámskrá:</b>  Tryggja að kennsludagar nemenda samkvæmt stundaskrá séu ekki færri en 170.	Kennsludagar, starfsdagar og uppbrotisdagar verða taldir og reiknaðir út fyrir útgáfu skóladagatal 2017 - 2018	Skólastjórnendur.	Apríl 2017	<b>LOKIÐ</b>  Þetta er komið inn á skóladagatal næsta skólaárs – búið að telja út.		
Vinna skólanámskrá og starfsáætlun samkvæmt viðmiðum í aðalhluta aðalnámskrár grunnskóla 2011.	Verður endurskoðað með það að markmiði að þetta sé samkvæmt viðmiðum.	Skólastjórnendur og verkefnastjóri.	Vorönn 2017.	<b>LOKIÐ</b>		
Ljúka vinnu við faghluta skólanámskrár.	Þessari vinnu var lokið á vordögum 2016	Verkefnastjóri	Lokið.	<b>LOKIÐ</b>		



Birta námsvísa/kennsluáætlanir fyrir allar námsgreinar og alla árganga samkvæmt viðmiðum í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla 2013.	Allir kennarar vinna eftir aðalnámskrá og gera kennsluáætlanir út frá henni, til lengri eða skemmri tíma í senn. Farið verður yfir hverjar þeirra vantar á heimasíðu skólans og því fylgt eftir að þær verði birtar þar.	Deildastjórar og kennarar.	Unnið 2016 – 2018.	Hafin vinna við þetta og verður áfram haldið jafnt og þétt.	Lokið og verður áfram fyrir næsta skólaár.	
Tryggja að mat á framkvæmd skólastefnu sé hluti af innra mati skólans.	Verður unnið samhliða endurskoðun á innra mati. Sett verða viðmið um mat á framkvæmd skólastefnunnar og þau birt í skýrslu um innra mat.	Skólastjóri	Júní 2017.	Lokið – kemur fram í sjálfsmatskýrslu.		
<b>Skóladagur nemenda:</b> Skipuleggja stundatöflur þannig að virkur vikulegur kennslutími nemenda sé í samræmi við ákvæði viðmiðunarstundaskrár.	Þessi þáttur verður grandskoðaður og úr honum bætt.	Skólastjórnendur	Ágúst 2017	Lokið		
Auka hlutfall valgreina í 8. – 10. bekk til samræmis við ákvæði 8. kafla í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla.	Farið verður rækilega yfir þær valgreinar á unglíngastigi sem nú eru í boði og aukið við hlutfall þeirra eins og kostur er miðað við ákvæði í 8. kafla í aðalnámskrá grunnskóla.	Skólastjórnendur	Ágúst 2017	Lokið		
<b>Verklagsreglur og áætlanir:</b>			Janúar 2017.	Lokið - Búið að uppfæra!		



Birta viðeigandi áætlanir í skólanámskrá.	Verður endurskoðað og bætt úr því sem upp á vantar.	Aðstoðarskólastjóri og umsjónarmaður heimasíðu.				
<b>Samskipti heimila og skóla:</b>						
<b>Skólaráð, foreldrafélag:</b>						
Kjósa fulltrúa nemenda til tveggja ára í senn í skólaráð.	Vinnu lokið varðandi þennan þátt.	Skólastjóri og kennarar.	Lokið	<b>Lokið</b>		
Efla bein tengsl stjórnenda við foreldrafélag.	Rætt verður við formann foreldrafélags Kársnesskóla um meira og reglulegra samstarf. Skólastjóri fær reglulega fundarboð á fundi foreldrafélagsins.	Skólastjóri	Nóvember 2016	<b>Lokið</b> - skólastjóri fær fundarboð frá foreldrafélaginu tvisvar ári.		
Birta fundargerðir skólaráðs jafnharðan á heimasíðu.	Þessum þætti hefur verið gerð góð skil og bætt úr til muna.	Skólastjóri	Október 2016.	<b>Lokið</b>		
<b>Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun:</b>						
Efla upplýsingagildi heimasíðu.	Farið verður markvisst í að endurskoða heimasíðu skólans og uppfæra.	Skólastjórnendur og umsjónarmaður heimasíðu.	2016 – 2018.	<b>Í vinnslu</b> og verður áfram haldið á næsta skólári	Ný heimasíða verður tekin í notkun skólárið 2018 – 2019.	Ný heimasíða er enn í vinnslu en uppfærsla á eldri síðu hefur þó verið unnin jafnt og þétt. Mælingar Skólapúlsins sýna vaxandi ánægju foreldra.
Styrkja foreldra til að nota mentor.	Foreldrum verður boðið upp á að sækja námskeið og/eða kynningu á vegum skólans.	Innramats teymi og skólastjóri.	Vorönn 2017.	<b>Ólokið</b> – frestað fram á haustönn 2017	<b>Lokið</b> – sérstaklega var hugað að foreldrum	



					nemenda á elsta stigi.	
Bjóða foreldrum að koma með í vettvangsferðir.	Foreldrum er og verður ávallt boðin þátttaka í vettvangsferðum. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna foreldrum það fyrirkomulag.	Kennarar	Vorönn 2017 og næstu ár.	Er gert nú þegar og því verður haldið áfram.		



Svið II – Nám og kennsla	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi	Staðan í júní 2017	Staðan í júní 2018	Staðan Júní 2019
<b>Nám og námsaðstæður:</b>						
<b>Inntak og árangur:</b>						
Setja skólanámskrá fram samkvæmt tilmælum aðalnámskrár.	Farið verður yfir almenna hluta aðalnámskrár og skólanámskrá Kársnesskóla betrubætt í samræmi við fyrirmæli sem þar koma fram.	Innramats teymi og skólastjóri.	Lokið í febrúar 2017.	<b>Lokið</b>		
Tengja áætlanir um nám og kennslu betur grunnþáttum menntunar og lykilhæfni.	Í tengslum við endurskoðun og vinnu við námsáætlanir verður betur gert grein fyrir hvar grunnþættirnir tengjast námsgreinunum.	Stjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2017 – 2018.	<b>Vinna hafin</b> og verður áfram unnið.		Er í stöðugri vinnslu á hverju skólaári.
Gera grein fyrir árangri s.s. á samræmdum könnunarprófum í innra mati.	Unnið verður að skýrslu um innra mat og í henni verða birtar niðurstöður og samanburður milli ára.	Skólastjóri og innramats teymi.	Lok skólaárs 2016 - 2017.	<b>Lokið</b> – er í sjálfsmatsskýrslu		
<b>Skipulag náms og námsumhverfi:</b>						
Setja verður fram faghluta skólanámskrár með námsvísu/ námskrám fyrir allar námsgreinar sem sýna samfellu milli árganga.	Verður hugað sérstaklega að þessum hluta í endurskoðun skólanámsskrár og verður birt á heimasíðu skólans.	Deildarstjórar	2017 – 2018.	<b>Ólokið</b> verður tilbúið í lok skólaársins	Komið inn á heimasíðuna.	
Tryggja þarf að hlutfall val tíma á unglingastigi nái lögbundnum tímafjölda.	Hlutfall val tíma verður skoðað í tengslum við stundatöflugerð og leitað leiða til að bjóða nemendum upp á valgreinar þvert á skóla í sveitarfélaginu.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Lok skólaárs 2016 - 2017.	<b>Lokið</b>		
Gera betur grein fyrir matsviðmiðum og eðli samvinnu milli leik- og grunnskóla.	Sérstakur verkefnastjóri hefur haldið utan um samvinnu milli leik- og grunnskóla og vinna er hafin við að skrá og birta hvernig	Deildarstjóri yngsta stigs og verkefnastjóri.	Vinna hafin og lýkur í janúar 2017.	<b>Lokið</b>		





	Samvinnu og matsviðmiðum er háttað.				
<b>Kennsluhættir og gæði kennslu:</b>  Greina árangur og aðstæður við að kynjaskipta nemendum í námshópa.	Kennarar og deildarstjóri greina árangur kynjaskiptra námshópa og taka ákvörðun um framhald slíkrar skiptingar í kjölfar þess.	Deildarstjóri, kennarar og skólastjóri.	2017 – 2018.	<b>Vinna hafin</b> við að skoða árangur og greina kosti þess að kynjaskipta námshópum í einstaka greinum.	Þegar nemendum er kynjaskipt er gert grein fyrir ástæðum og aðstæðum. Verður áfram kynjaskipt í einstaka greinum.
Efla ætti samræður og samstarf nemenda um nám.	Á síðasta skólaári var haldið læsisþing og þjóðfundur þar sem unnið var með nemendum að hugmyndum um ýmsa þætti skólalastarfsins. Unnið verður úr niðurstöðum á þessu skólaári. Þá verður aukin áhersla lögð á nemendalýðræði með fjölgun fundu í nemendaráði.	Deildarstjóri, kennarar og skólastjóri.	Vinna hafin og verður unnið áfram um ókominn tíma.	Námskeið verður haldið fyrir kennara í haust um framkvæmd og stjórnun bekkjarfunda með það að markmiði að efla lýðræðislega umræðu um það sem snýr að námi og starfi í skólanum.	<b>Lokið</b> og verður áfram hluti af skólamenningunni í skólanum.
Huga að frekari samþættingu í námi og kennslu á unglíngastigi.	Undirbúningur á kynningu á teymiskennslu og söguáðferð fyrir eldri nemendur er hafinn og stefnt að því að byrja á þróunarstarfi í þá átt á næsta skólaári. Fræðsluerindi á dagskrá vorannar 2017.	Skólastjórnendur og kennarar.	2017 - 2018	<b>Vinna hafin</b> kennarar á unglíngastigi samþætta kennslu sína í tveimur námsgreinum á næsta skólári	Aukin samþætting verður skólaárið 2018 – 2019 í anda þemanáms. <b>Lokið</b>
<b>Námshættir og námsvitund:</b>					



Greina hvað býr að baki svörum nemenda um <b>skort á aga í tímum</b> .	Hafin er vinna við að kynna nemendum niðurstöður kannana sem benda til skorts á aga í kennslu -stundum. Nemendur og kennarar fara í rýnivinnu og úrbótavinnu á vorönn. Verður unnið í tengslum við nemendaping á vorönn 2017	Skólastjórnendur og nefnd um Uppeldi til ábyrgðar	2017 – 2018 og áfram.	<b>Vinna hafin</b> , búið að rýna með nemendum og kennurum og í sjálfsmati skólans er þetta í úrbótaáætlun skólans 2017 - 2018	Áframhaldandi vinna og brugðist var við niðurstöðum með t.d. þemanámi og lengingu kennslustunda ..	
<b>Þátttaka og ábyrgð nemenda</b>						
<b>Lýðræðisleg vinnubrögð:</b>						
Kjósa á nemendafulltrúa í skólaráð til tveggja ára.	Þetta hefur nú þegar verið gert.	Skólastjórnendur og kennarar á elsta stigi.	Lokið - September 2016.	<b>LOKIÐ</b>		
Skipuleggja fundartíma skólaráðs þannig að nemendafulltrúar geti mætt.	Fundartími hefur verið færður til með tilliti til þessa. Nú eru fundir á morgnana.	Skólastjóri.	Lokið - September 2016.	<b>LOKIÐ</b>		
Sjá til þess að upplýsingar um ákvarðanir ráða og nefnda þar sem fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.	Þetta verður tekið til greina og birt á heimasíðu skólans undir flípanum „nemendur“.	Skólastjórnendur	Skólaárið 2016 – 2017.	<b>Ólokið</b> – verður birt á heimasíðu skólans næsta vetur.	Allar upplýsingar af fundum skólaráða eru birtar.	<b>Lokið</b>
<b>Ábyrgð og þátttaka:</b>						
Gera nemendum betur grein fyrir tengslum eigin námsframvindu og hæfniviðmiða.	Nú þegar hafa kennarar farið yfir hæfniviðmið og breytt námsmat með nemendum á elsta stigi. Þeir hafa jafnframt gert hæfniviðmið sýnileg í mörgum verkefnum og í kennslustofum. Eftir því sem fram vindur í innleiðingu breytts námsmats verður það kynnt reglulega fyrir nemendum og foreldrum.	Deildarstjórar og kennarar.	2016 – 2018.	<b>Vinna hafin</b> og verður áfram. Kennarar kynna vel fyrir nemendum á hverju námsmatið er byggt og þeirri hugsun sem liggur þar að baki	<b>Lokið</b> – nemendur á yngsta og miðstigi eru vel meðvitaðir um hvernig nám þeirra er metið og að hverju er stefnt. Unglingarnir eru afar vel upplýstir.	



Birta viðmið um árangur í öllum námsgreinum.	Skólanámskrá birt á heimasíðu skólans þar sem fram kemur námsmat og vitnisburðarkerfi samkvæmt tilmælum aðalnámskrár.	Aðstoðarskólastjóri og kennarar.	2016 – 2018.	<b>Í vinnslu</b>	Viðmiðin eru birt í Mentor. Á eftir að birta á heimasíðu skólans. Verður lokið í haust 2018.	<b>Lokið</b> , komið á heimasíðu og í Mentor
Efla markmiðssetningu og stigvaxandi ábyrgð nemenda.	Í nemendaviðtölum nú á haustönn voru nemendur hvattir til að setja sér námsmarkmið. Farið verður aftur yfir það með nemendum í viðtölum á vormisseri. Skoðaðar verða aðrar leiðir til viðbótar til að efla þennan þátt og stuðst við aðferðir sem kynntar eru í Uppeldi til ábyrgðar.	Skólastjórnendur, námsráðgjafi og kennarar.	2017 – 2018 og áfram.	<b>Í vinnslu og gengur vel</b>		
<b>Námsaðlögun</b>						
<b>Nám við hæfi allra nemenda:</b>						
Bæta þarf aðgengismál svo fatlaðir geti komist um skólabyggingar.	Nú þegar er unnið að deiliskipulagi og framkvæmdaráætlun við skólahúsnæðið. Stefnt er að því að því verði lokið í tengslum við viðbyggingu við skólahúsnæðið.	Skólastjóri í samvinnu við framkvæmdasvið Kópavogs.	Vonandi árið 2020	Skólinn sem áður var í tveimur byggingum er nú í einni. Aðgengismál eru í dag í góðu lagi.		
<b>Stuðningur við nám:</b>						
Skrá og birta hvaða skimar og mat eru lögð fyrir, til að meta námsstöðu nemenda.	Þetta mun koma skýrt fram í skýrslu um innra mat og birt í starfsáætlun skólans.	Innramats teymi og skólastjóri.	Júní 2017.	<b>Lokið</b>		
Skrá og gera opinbert hvaða viðmið eru um árangur og til hvaða aðgerða grípa eigi til við niðurstöðum skimana og mats	Unnið verður markviss að þessu næstu tvö árin. Í læsisstefnu skólans er skýrt frá aðferðum, hæfniviðmiðum og viðmiðum um árangur í lestri og lesskilningi.	Skólastjórnendur og sérkennarar.	2017 – 2019.	<b>Vinna hafin</b> við þennan þátt – grunnur af viðmiðum er í skýrslu um sjálfsmat og verður svo endurskoðað og		



Svið III – Innra mat	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Staðan apríl/maí 2017	Staðan í júní 2018	Staðan Júní 2019
				lagað á næstu árum.		
<b>Framkvæmd innra mats:</b>						
<b>Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi:</b>  Vinna langtímaáætlun um innra mat.	Stofnað hefur verið teymi um innra mat skólans. Langtímaáætlun verður hluti af sjálfsmatsskýrslu sem unnin verður af teyminu.	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og innramats teymi.	Maí 2017.	<b>Lokið</b> – verður birt á heimasíðu í ágúst		
Taka upp mat á kennslu með skipulögðum hætti.	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og kennarar munu fara inn í kennslustundir og meta þær samkvæmt tillögum matsnefndar.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Byrjað á vorönn 2017 og unnið áfram.	<b>Vinna hafin</b> og verður unnið áfram sem hluti af störfum stjórnenda		
Fylgja eftir breytingum á kennsluháttum með mati.	Unnið í samvinnu við alla er koma að kennslu innan skólans og ólíkar tegundir mats ræddar með tilliti til breyttra kennsluhátta. Sérstök áhersla verður lögð á að skoða innleiðingu spjaldtölva og áhrif hennar í fyrsta mati.	Skólastjórnendur og innramats teymi.	Vorönn 2017 og áfram.	<b>Vinna hafin</b> og búið að vinna úr rafrænni könnun á innleiðingu spjaldtölva í kennslu. Niðurstöður verða birtar á vefsíðu Kópavogsbæjar.		Rýnihópar nemenda ásamt spurningalistum hafa verið notaðir í vetur og verða áfram. <b>Lokið og verður áframhaldandi sem hluti af stefnu skólans.</b>
Gera opinberlega grein fyrir hvernig árangur nemenda er metinn.	Á heimasíðu skólans er nú þegar hægt að nálgast greinagóðar upplýsingar um það hvernig kennarar meta árangur nemenda.	Skólastjóri og innramats teymi.	Nú þegar og verður full-komnara eftir því sem fram vindur.	<b>Í vinnslu og verður áfram.</b>	Vel hægt að sjá í Mentor og verður skrifað inn í skólanámskránn a sem var	



					endurskoðuð í vor.	
<b>Innra mat er markmiðsbundið:</b> Setja skýrt fram hvernig markmið í skólanámskrá eru metin.	Í tengslum við breytingar á námsmati er unnið að því að sýna á skýran hátt hvernig markmiðin eru metin. Upplýsingar um námsmat er birt í kennsluáætlunum.	Kennarar og skólastjórnendur .	2016 - 2018.	Nú þegar gert á unglिंगastiginu. Miðstigið með eitt fag á vorönn 2017. Skólinn notar Mentor til birtingar námsmats.	Komið hjá yngsta- og miðstigi.	<b>Lokið</b> , allir foreldrar og nemendur fá reglubundnar upplýsingar og fræðslu um þennan þátt.
Meta leiðir að markmiðum í innra mati.	Gefin verður út matsskýrsla annað hvert ár.	Skólastjóri og innramats teymi.		<b>Fyrsta skýrsla um innra mat er tilbúin</b> og verður birt á heimasíðu í ágúst 2017		Skýrsla um innra mat er birt á heimasíðu skólans. <b>Lokið</b>
Skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að.	Sett verða viðmið um árangur sem stefnt er að og viðmið skilgreind á markmiðabundinn hátt.	Skólastjóri og innramats teymi.	Vor 2017.	<b>Í vinnslu</b> og verður lokið á haustönn 2017. Grunnur er birtur í sjálfsmatsskýrslu og verður unnið áfram.	Kemur í sjálfsmatsskýrslu sem birt verður á heimasíðu í september 2018.	
Gera grein fyrir að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.	Verður skýrt í skýrslu um mat á innra starfi skólans. Búin verða til viðmið og þau metin í skýrslunni.	Skólastjóri og innramats teymi.	Vor 2017.	<b>Í vinnslu</b> og verður lokið á haustönn 2017. Grunnur er birtur í sjálfsmatsskýrslu og verður unnið áfram.		



<p><b>Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum:</b></p> <p>Birta opinberlega í innra mati hvernig skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati s.s með samræmdum könnunarprófum.</p>	<p>Á heimasíðu skólans verður hægt að nálgast upplýsingar um hvernig niðurstöður samræmda könnunarprófa og annarra kannana eru nýttar í skólastarfinu. Verður gerð góð skil í skýrslunni um innra mat.</p>	<p>Skólastjóri og innramats teymi.</p>	<p>Vor 2017,</p>	<p><b>Lokið</b></p>		
<p><b>Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum:</b></p> <p>Tryggja aðgengi allra hagsmunaaðila að vinnu við að ákveða forgangsröðun og áherslur í innra mati.</p>	<p>Foreldrar – leitað verður eftir álitum foreldra á fundum með skólastjórnendum (morgunspjall með stjórnendum) varðandi hvaða þætti þeir vilja að verði skoðaðir sérstaklega í skólastarfinu.</p> <p>Nemendur – fulltrúar nemenda rýna í niðurstöður og koma með tillögur að úrbótum.</p> <p>Starfsmenn – rætt á starfsmanna- fundi og áhersluþáttum forgangsraðað á lýðræðislegan hátt.</p>	<p>Skólastjóri og innramats teymi.</p>	<p>Vorönn 2017.</p>	<p><b>Gert að hluta</b> – fundum með nemendaráði var fjölgað á vorönn og fundað var reglulega með fulltrúum kennara og starfsmanna en ekki náðist að funda með foreldrum vegna þessa.</p>	<p>Unnið áfram og í vetur var fundum með nemendum fjölgað. Innramats teymi er og verður áfram virkt.</p>	
<p>Vinna áætlun um umbætur í kjölfar kannana með þátttöku hagsmunaaðila.</p>	<p>Drög að umbótaáætlunum verða lagðar fyrir hagsmunahópa s.s. foreldra, nemendur og kennara. Innramats teymi vinnur drögin í kjölfar áður nefndra funda.</p>	<p>Skólastjóri og innramats teymi.</p>	<p>Vorönn 2017</p>	<p><b>Var gert í</b> vetur með nemendum og kennurum og verður bætt um betur næsta skólaár með þátttöku foreldra.</p>	<p>Fulltrúar foreldra í skólaráði fengu til umsagnar umbótaáætlum og þeim vinnubrögðum verður áfram viðhaldið.</p>	



<b>Umbótasatarf í kjölfar innra mats:</b>						
<b>Innra mat er opinbert:</b> Hafa greinargerð um innra mat sem og umbótaáætlun skýrt framsetta.	Skýrsla um innra mat verður sett fram á skýran hátt ásamt umbótaáætlun og birt á heimasíðu.	Skólastjóri og innramats teymi.	Vor 2017.	Lokið		
<b>Innra mat er umbótamiðað:</b> Setja umbótaáætlun fram með skýrum hætti.	Matsteymi vinnur að samningu umbótaáætlunar jafnt og þétt yfir skólaárið í ljósi niðurstaðna og verður hún birt á heimasíðu.	Skólastjóri og innramats teymi.	Vor 2017.	Lokið		
Fylgja umbótum kerfisbundið eftir.	Teymið sem vinnur að innra mati kemur til með að fylgja umbótum vel eftir í samvinnu við skólastjórnendur.	Skólastjórnendur , verkefnastjóri og innramats teymi.		Hafin vinna við þetta og verður áfram.		Mat á umbótum er ávallt metið í tengslum við niðurstöður innra mats og úrbótaáætlun. Birt í sjálfsmatsskýrslu .
Tilgreina í umbótaáætlun hvenær skal meta hvernig til tókst með aðgerðir.	Tillögum úr skýrslu um ytra mat frá Menntamálastofnun verður fylgt eftir.	Skólastjóri og innramats teymi.	Í lok skólaárs 2016 – 2017.	Lokið með skýrslu um innra mat sem verður svo endurskoðuð á hverju ári.		